

Alþingi

Erindi nr. B 121 / 1181

komudagur 21 / 3 1997 19.03.1997

Fjármálaráðuneytið

## MINNISBLAÐ

Til sérnefndar Alþingis um fjárreiður ríkisins.  
Frá fjármálaráðuneytinu.

Efni: Athugasemdir vegna breytinga á 30. gr. frumvarps til laga um fjárreiður ríkisins.

Í minnisblaði dagsettu 12.02.1997 lagði ráðuneytið fyrir sérnefndina tillögur um breytingar á 30. gr. fjárreiðufrumvarpsins. Þær breytingar voru unnar í tengslum við gerð draga að reglugerð um 30. gr. af vinnuhópi sem ríkisreikningsnefnd skipaði. Í vinnuhópnum sátu fulltrúar fjármálaráðuneytisins og ríkisendurskoðunar. Í breytingartillögum er gildissvið greinarinnar verulega þrengt frá því sem áður var. Þá eru sett skýrari ákvæði um stjórnslu- og upplýsingalög um þagnarskyldu verktakans og starfsmanna hans svo og um ákvæði reglugerðar.

Eftir að ráðuneytið lagði breytingartillögurnar fyrir sérnefndina hefur hún sent ráðuneytinu umsögn ríkisendurskoðunar um frumvarpið. Í umsögninni eru einkum gerðar athugasemdir við 30. gr. og miðast hún við frumvarpið eins og það var lagt fram en ekki áformaðar breytingar eins og vikið er að á bls. 4 í umsögn ríkisendurskoðunar. Athugasemdir ríkisendurskoðunar eru settar fram í sex liðum og telur ráðuneytið að í fyrrgreindum breytingartillögum sé tekið á öllum þeim efnisatriðum sem ríkisendurskoðun gerir við efni greinarinnar enda þær unnar í samráði við ríkisendurskoðun eins og áður segir.

Í ljósi ábendinga sem ráðuneytið hefur fengið leggur það til breytingu við fyrri tillögu sem snýr að því hvernig Alþingi er gerð grein fyrir slíkum samningum og er lagt til að í lok 1. málsgreinar komi eftirfarandi ákvæði:

"Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi skal gerð grein fyrir áformuðum samningum á viðkomandi fjárlagaári".

Jafnframt má vekja athygli á því að skv. 8. gr. frumvarpsins skal með ríkisreikningi gera grein fyrir öllum slíkum samningum.

Að öðru leyti vísast til breytinga sem lagðar voru fyrir nefndina skv. minnisblaði dags. 12. febrúar s.l.

## MINNISBLAÐ

Til Sérnefndar Alþingis.  
Frá Fjármálaráðuneyti.

Efni: Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins.

30. gr.

Einstökum ráðherrum er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyrir, til lengri tíma en eins árs við aðra ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum.

Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi eða skyldur manna, nema sérstök heimild sé til þess í viðkomandi lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnisýslulaga og upplýsingalaga sem og almennar meginreglur stjórnisýsluréttar gilda um þá stjórnisýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Með sama hætti skulu ákvæði laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.

Ríkisstofnunum í A-hluta skal heimilt án atþeina ráðherra að gera verksamninga um afmörkuð rekstrarverkefni, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum manna og kostnaður við verkefnið sé ekki umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar.

Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu og skulu um hana gilda ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996 að því er varðar það sem þeir kunna að komast að við framkvæmd rekstrarverkefnisins. Brot á þagnarskyldu varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina magn og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, lengd samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

Ákvæði þessarar greinar og reglna settra samkvæmt henni skulu gilda með sama hætti um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum, sbr. 2. mgr., nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í viðkomandi sérlögum.

### Greinargerð:

Lagt er til að við greinina bætist þrjár nýjar málsgreinar. Felast þessar breytingar í því að afmarka gildissvið þeirrar heimildar sem 1. mgr. greinarinnar veitir ráðherra til samningsgerðar. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstæða lagaheimild þurfi ef fela á einkaaðila

opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur borgaranna. Eðli máls samkvæmt getur sú stjórnsýsla verið á ýmsum sviðum og er eðlilegt að löggjafinn taki sjálfstæða ákvörðun um það hvort framselja eigi slíkt vald í heldur einkaaðilum. Sé slík heimild til staðar í lögum er hér lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga gildi um verktakann að því er lýtur að þeirri stjórnsýslu sem honum er þannig falin. Með þessu er verið að tryggja réttarstöðu borgaranna eins og kostur er. Sérstaklega er kveðið á um þagnarskyldu verktaka og starfsmanna hans og er gert ráð fyrir að hún verði með sama hætti og þagnarskylda opinberra starfsmanna. Heimild 1. mgr. verður þannig viðhlýtandi grundvöllur fyrir gerð samninga um rekstrarverkefni sem ekki fela í sér framsal á opinberu valdi til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur borgaranna. Séu samningar gerðir á grundvelli lagaheimildar í sérlögum gilda jafnframt ákvæði þessarar greinar og reglna settra samkvæmt henni um þá. Þá er sérstaklega tekið fram að einstakar stofnanir geti án atbeina ráðherra gert samninga um rekstrarverkefni, enda sé ekki um eiginleg stjórnsýsluverkefni að ræða og útgjöld við verkefnið lítill hluti heildarútgjalda viðkomandi stofnunar.

Drög 12. feb. 1997

# Reglur

um gerð samninga um rekstrarverkefni ríkisins  
samkvæmt 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins nr. XX/1997.

## Gildissvið

### 1. gr.

Reglurnar taka til samninga sem ríkisaðilar gera sem verkkaupar um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs við verksala sem getur verið önnur ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélag eða einkaaðili, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Með rekstrarverkefni er í reglunum átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita eða cru liður í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.

## Útboð rekstrarverkefnis

### 2. gr.

Þeirri meginreglu skal fylgt að bjóða út rekstrarverkefni og skal við framkvæmd útboðs og val á bjóðendum fylgja reglugerð um innkaup ríkisins nr. 302/1996 eftir því sem við á.

## Undirbúningur samnings

### 3. gr.

Áður en útboð fer fram og samningur gerður um rekstrarverkefni sem ríkinu ber lögum samkvæmt að annast skal hlutaðeigandi ráðuneyti semja greinargerð sem feli í sér rök, markmið og ávinning ríkisins af samningsgerð. Skal greinargerðin send fjármálaráðuneytinu.

Áður en gerður er samningur um rekstrarverkefni er skuldbindur ríkissjóð til að greiða árlega hærrí fjárhæð en veitt er til verkefnisins í fjárlögum eða umfram 10 (?) m.kr. á samningstíma skal kynna hann í ríkisstjórn og fyrir samráðsnefnd um ríkisfjármál.

## Samningstími

### 4. gr.

Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama sérhæfða aðstöðu eða festi kaup á dýrum sérhæfðum búnaði vegna verkefnisins. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera 1 mánuður og lengstur átján mánuðir.

## Afmörkun rekstrarverkefnis

### 5. gr.

Í útboðsgögnum og samningi skal lýsa eins nákvæmlega og mögulegt er í hverju rekstrarverkefni er fólgið og hvaða afurðir, m.a. þjónustu, er um að ræða. Tilgreina skal tæknilegar forskriftir og kröfur til verksala um framkvæmd sem tryggja gæði verkefnisins. Einnig skal tilgreina tölulega mælikvarða á umfang verkefnis svo og magn og eiginleika efnislegra afurða eða þjónustu. Þá skal tilgreina þau laga- og reglugerðarákvæði sem gilda um verkefnið.

## Réttur notenda

### 5. gr.

Í samningi um þjónustu sem ríkinu ber að veita þriðja aðila samkvæmt lögum skal gæta þess að tryggja sem best rétt notenda þjónustunnar. Í því sambandi skal ákveða hvernig töku

stjórnvaldsákvæðana skuli fyrir komið og haga meðferð kærumála vegna umsáminnar þjónustu þannig að uppfyllt séu ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Starfsmenn verksala undirriti þagnarskylduákvæði skv. 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna eða hliðstæð ákvæði í öðrum lögum.

#### Eftirlit með framkvæmd samnings

##### 7. gr.

Verkkaupi hefur eftirlit með framkvæmd samnings. Í samningi skal vera ákvæði um samvinnu verkkaupa og verksala á samningstíma um að skilgreina nánar kröfur um framkvæmd rekstarverkefnis en gert er í samningnum. Þá skal kveða á um skil verksala á upplýsingum um framkvæmd samningsins og önnur atriði sem lúta að mati á árangri viðkomandi verkefnis.

Í þeim tilvikum þar sem samið er um verkefni án undangengis útboðs eða ekki samið um ákveðið einingarverð á afurðum eða þjónustu skal miða að í samningi verði eftir því sem ástæða er til kveðið á um að fjárreiður verkefnis verði aðgreindar í bókhaldi frá annarri starfsemi svo og kostnaður og tekjur við einstaka þætti hvers verkefnis. Færslu bókhalds og gerð reikningskila vegna verkefnis sé hagað þannig að bera megi kostnað við verkefnið saman við kostnað við sambærilegt verkefni hjá öðrum aðilum.

Ríkisendurskoðun endurskoðar samninga í samræmi við lög nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun.

*(Ef frumvarp um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnustarfsemi verður að lögum verður sérstakt ákvæði um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana óþarft)*

#### Tryggingar, ágreiningsmál og vanefndir

##### 8. gr.

Í samningi skal kveða á um útræði samningsaðila til að knýja fram efndir á samningi eða rifta honum vegna vanefnda.

Samningsaðilar skulu leggja fram tryggingu vegna samningsins sem nemur að lágmarki 10% (?) af árlegri samningsfjárhæð í forni bankaábyrgðar, váttryggingar eða annars sem talið er jafngilt.

Sé ekki um annað samið gilda lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma um úrlausn ágreinings.

#### Fjármögnun og greiðslur ríkissjóðs

##### 6. gr.

Í samningi skal kveða á um fjármögnun verkefnis á samningstíma annars vegar heildargreiðslur ríkisins og tímasetningu þeirra og hins vegar heimild eða skyldu verktaka til að afla sértekna vegna verkefnisins. Í samningi þarf að koma fram hvort og hvernig fjárhæðir samnings breytast með verðlagi og hvort gerð er krafa til verktaka um aukna framleiðni sína vegna verkefnisins á samningstímanum. Ef samið er um verkefni á grundvelli samstarfsútboðs eða án undangengis útboðs skal í samningi kveða á um ráðstöfun rekstrarafgangs verksala vegna verkefnisins.

Fjármálaráðherra ásamt viðkomandi ráðherra staðfesti fjárhagsákvæði samninga sé samningsfjárhæð hærri en 10 m.kr. (?)